

Fimmtudaginn 22. janúar 1998.

Nr. 45/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Jóhanni Braga Baldurssyni

(Pétur Þór Sigurðsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. janúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. janúar 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 16. febrúar nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, fékk varnaraðili reynslulausn 22. desember 1996 í tvö ár á 240 daga eftirstöðvum refsingar af tveggja ára fangelsisdómi, sem hann hlaut árið 1995 vegna brota gegn 194. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hann er nú undir rökstuddum grun um fjölda innbrota, sem framin voru á tímabilinu frá október 1997 til miðs desember sama árs. Með vísan til framangreinds verður að telja hættu á, að varnaraðili muni halda áfram afbrotum, meðan máli hans er ekki lokið. Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, til að varnaraðili sæti áfram gæsluvarðhaldi. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. janúar 1998.

Ár 1998, mánudag 19. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dóm-arafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Jóhanni Braga Baldurssyni, kt. 020157-4969, óstaðsettum í hús, dvalarstaður Frostafold 20, hvort tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 16. febrúar nk. kl. 16.00.

Kærði hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 20. desember sl. vegna grunar um aðild að innbrotspjófnuðum, flestum í Grafarvogshverfi í Reykjavík. Hefur hann viðurkennt að hafa þann 13. desember sl. brotist inn í húsið nr. 33 við Funafold og tekur ekki fyrir að hafa sama dag gert tilraun til innbrots í hús við Hverafold. Öðrum brotum, sem kærði er grunaður um, hefur hann ekki viljað gangast við. Rannsóknargögn benda hins vegar til, að rökstuddur grunur sé um aðild kærða að fleiri innbrotum. Er þar um að ræða sjö innbrotspjófnaði, sem framdir voru á tímabilinu frá því í október fram í miðjan desember á nýliðnu ári, auk þess eða þeirra sem kærði hefur kannast við.

Kærði er samkvæmt framansögðu undir rökstuddum grun um að hafa brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en slík brot geta varðað hann fangelsisrefsingu, verði hann fundinn sekur.

Kærði hlaut tveggja ára fangelsisdóm árið 1995 fyrir brot gegn 194. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 22. desember 1996 fékk hann reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 240 dögum. Kærði hefur upplýst, að hann sé 75% öryrki og njóti örorkubóta.

Kærði hefur sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 5. janúar sl., sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 9. janúar sl. Af hálfu Lögreglustjórans í Reykjavík hefur verið upplýst, að rannsókn málsins sé lokið og það hafi verið sent lögfræðideild embættisins sl. föstudag. Ákært verði í málinu og stefnt sé að því að senda það til dómsmeðferðar í næstu viku.

Með vísan til alls framanritaðs og skírskotun til forsendna tveggja síðastgreindra dómsúrlausna ber að fallast á fram komna kröfu, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jóhann Bragi Baldursson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 16. febrúar nk. kl. 16.